

Miðvikudaginn 20. febrúar 1946.

Nr. 139/1935 Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Hermann Jónasson)

gegn

Jóni N. Jóhannssyni

(Hrl. Kristján Guðlaugsson)

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Drengirnir voru á malarbrautinni nærri brún steinsteypa vegarins. Héldu þeir í sömu átt og ákærði. Bar ákærða því að gefa hljóðmerki, svo sem boðið er í 28. gr. laga nr. 23/1941, og ganga úr skugga um, að drengirnir hefðu veitt bifreiðinni athygli, áður en hann ók fram hjá þeim. Ákærði gerði þetta ekki, og hefur hann því gerzt brotlegur við nefnda grein bifreiðalaganna, sbr. 38. gr. sömu laga, svo og 215. gr. laga nr. 19/1940, en meta ber refsing ákærða með hliðsjón af því, að slysið má að miklu leyti rekja til hegðunar drengsins. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að svipta ákærða ökuleyfi um 3 mánaða skeið, sbr. 39. gr. laga nr. 23/1941. Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón N. Jóhannsson, geriði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að svipta ákærða ökuleyfi um 3 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæsta-

rétti, hæstaréttarlögmanns Hermanns Jónassonar, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Guðlaugssonar, samtals kr. 650.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. september 1945.

Ár 1945, mánudaginn 17. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2032/1945: Réttvisin og valdstjórnin gegn Jóni Niels Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 12. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Niels Jóhannssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Skólavörðustíg 17 B, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941. Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 7. júní 1909, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1932 $1\frac{3}{2}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1936 $2\frac{1}{4}$ Kærður fyrir skemmdir á kassa-apparati. Viðurkennt, en ekki talin ástæða til málssóknar.

1937 $\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1939 $\frac{3}{4}$ Áminning fyrir brot gegn umferðarreglum.

1942 $\frac{3}{4}$ Sátt, 40 kr. sekt fyrir ölvun og brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1944 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Hinn 9. maí síðastliðinn, um kl. 16,30, ók ákærði vörubifreið sinni R 271 austur Suðurlandsbraut. Hlass var ekkert á bifreiðinni og enginn í henni nema ákærði, sem var vel fyrir kallaður að öllu leyti. Veður var hjart og þurrt og bifreiðin í góðu lagi, bæði hemlar og stýrisútbúnaður. Við mót Suðurlandsbrautar og Holtavegar varð sex ára drengur, Eggert Matthías Kaaber, Hlíðarenda við Laugarásveg, fyrir bifreiðinni og beið bana af. Þar sem slysið varð og á öllu því svæði, er hér skiptir máli, er Suðurlandsbraut þannig háttað, eins og hinn framlagði uppdráttur sýnir, að suðurhluti hennar, um 8,25 metra breiður, er steinsteyptur, en norðurhlutinn, sem er nokkru mjórri, er malborinn. Holtavegur liggur til norðausturs af Suðurlandsbraut. Ákærði ók austur vinstri helming steyppta vegarins með, að hann telur, allt að 40 km hraða, miðað við klukkustund. Þegar hann nálgadist Holtaveg, sá hann tvo drengi á malarveginum, og voru þeir sem næst fyrir opnum Holtaveginum, 2—3 metra frá norðurbrún steyppta vegarins. Honum virt-

ist drengirnir ganga austur veginn, og ætlaði hann að aka áfram, án þess að draga úr hraða bifreiðarinnar. Rétt áður en hann kom á móts við drengina, hljóp stærri drengurinn, sem var Ágúst Guðjón Hróbjartsson, Langholtsvegi 61, 8 ára, norður Holtavegin, en hinn hikaði, og sýndist ákærða hann snúa sér að bifreiðinni. Ákærði sá svo ekki frekar til hans, því að hann var í þessu að aka fram hjá honum, en í sömu andrúnni heyrði hann eitthvað koma við bifreiðina, en gat ekki gert sér grein fyrir, hvar. Hann stöðvaði nú bifreiðina, eftir að hafa stýrt henni út á malarvegin, og aðgætti nú, hvað gerzt hafði. Þá lá drengurinn á grúfu nærri nyrzt á steypa veginum, snéri langs eftir veginum, og vissi höfuðið vestur. Það blæddi úr vitum drengsins, og virtist ákærða hann vera dáið. Í þessu komu þarna að Ólafur Hannes Finsen verzlunarmaður, Skálholti við Kaplaskjólsvæg, í bifreið austan veginn og Garðar Þormar bifreiðarstjóri, Aðalstræti 9 C, í bifreiðinni R. 2505 vestan veginn og námu staðar á slyssaðnum. Farþegi í R 2505 var Björn Kolbeinsson bifreiðarstjóri, Miklubraut 5, og sat í framsætinu hægra megin við Garðar Þormar. Þeir Garðar og Ólafur tóku drenginn upp og settu hann inn í bifreið Ólafs og fluttu hann á Landspítalann, en báðir telja þeir, að hann hafi dáið um leið og slysið varð.

Vitnið Garðar Þormar ók R 2505 á eftir R 271 austur veginn. Um tíma, áður en slysið varð, óku þær á móta hratt, og var bilið á milli þeirra að áliti þessa vitnis á að gizka 25—30 metrar. Ökuhraða bifreiðanna telur vitnið hafi verið 20—25 eða allt að 30 km, miðað við klukkustund. Báðar bifreiðarnar óku á vinstra helmingi steypa vegarins. Vitnið sá drengina á malarveginum rétt við Holtavegin mjög nálægt brún steypa vegarins, og virtist því þeir vera að kankast á. Þegar R 271 var á móts við drengina, sem ekki hefur verið nema augabragð, sá vitnið annan drengjanna, Eggert Matthías, hlaupa álútan á vinstri hlið bifreiðarinnar og lenda með höfuðið á fremra fjaðrahengsli á vinstri afturfjöður bifreiðarinnar, eftir því sem vitninu sýndist. Við þetta skall drengurinn frá bifreiðinni á götuna, en bifreiðin nam strax staðar. Vitnið sá hinn drenginn hlaupa niður Holtavegin. Þegar drengurinn hljóp á bifreiðina, virtist vitninu hann vera að vikja undan hinum drengnum.

Vitnið Björn Kolbeinsson álitur, að ökuhraði beggja bifreiðanna hafi verið um 35 km, miðað við klukkustund, þegar slysið varð, og að bilið milli þeirra hafi verið á að gizka 15—20 metrar. Rétt áður en komið var að Holtavegi, sá vitnið drengina á þeim stað, sem fyrr er greint, og sýndist þeir vera að kankast. Vitnið veitti þeim þó enga sérstaka athygli, fyrr en það sá annan þeirra, Eggert Matthías, hlaupa álútan að steypa veginum og beint á R 271, sem þá var ekið fram hjá. Vitninu sýndist drengurinn lenda

á bifreiðinni framan við afturhjólið, takast á loft, snúast og falla svo á veginn. Hinn drenginn sá það fara niður Holtaveg. Vitnið staðfestir frásögn ákærða um, hvernig drengurinn lá á veginum.

Mjög skömmu áður en slysið varð, ók vitnið Ólafur Hannes Finsen austur Suðurlandsbrautina og sá þá tvo drengi, sem eflaust hafa verið margnefndir drengir, utan í norðurbrún vegarins nokkru austan við slysstaðinn, og virtist því þá enginn galsi vera í þeim. Vitnið snéri við á mótum Suðurlandsbrautar og Grensásvegur og ók síðan vestur Suðurlandsbrautina. Það sá bifreiðarnar R 271 og R 2505 koma vestan veginn og gizkar á, að þær hafi ekið á 25—30 km hraða, miðað við klukkustund, og að bilið milli þeirra hafi verið um 20 metrar. Vitnið sá ekki slysið, en sá, að bifreiðarnar voru stöðvaðar allt í einu. Vitnið nam staðar á slysstaðnum og sá, hvað orðið var, og ók með drenginn á sjúkrahús, sem áður segir. Drengurinn Ágúst Guðjón Hróbjartsson, 8 ára að aldri, sem var þarna með Eggert Matthíasi, hefur verið yfirheyrður, og segir hann, að þeir drengirnir hafi í þetta sinn verið að koma úr leik-kofa, sem þeir áttu þarna í grenndinni. Eftir því sem næst verður komið um málavexti af frásögn drengsins, voru þeir á malborna veginum við gatnamót Holtavegar, þegar bifreiðin kom að, og ætlaði Eggert Matthías þá yfir Suðurlandsbrautina, en stökk á bifreiðina og lenti á afturhluta hennar. Þá varð Ágúst Guðjón hræddur og hljóp burt. Hann segir þá ekki hafa verið að ólmast né í neinum galsa, þegar bifreiðin kom.

Við krufningu líks drengsins fannst mjög mikið brot á háskúpunni, mikil sköddun á heila, hryggjarliðir brotnir og átta rif brotin vinstra megin. Er það álit próf. Niels Dungals, sem framkvæmdi krufninguna, að þessi stórkostlegu meiðsli hafi leitt svo að segja samstundis til bana, því að blæðingar hafi verið mjög litlar úr frá þeim.

Samkvæmt málavöxtum, er nú hafa verið raktir, verður eigi séð, að ákærða verði gefin refsiverð sök á slysinu, og eigi hefur hann gerzt brotlegur við bifreiða- eða umferðarlögin. Ber því að sýkna hann að öllu leyti, og málskostnað allan, þar á meðal málsvarnarlaun til Kristjáns hæstaréttarlögmanns Guðlaugssonar, skipaðs verjanda ákærða, kr. 300.00, ber að greiða úr ríkissjóði.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jón Niels Jóhannsson, skal vera sýkn af ákærum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 300.00, til Kristjáns hæstaréttarlögmanns Guðlaugssonar, skipaðs verjanda ákærða.